



Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

2404022 SÓÁ

Efni: Athugasemdir vegna erinda Landnets ohf. um beiðni til ráðuneytisins að skipuð verði raflínunefnd vegna Holtavörðuheiðarlínu 1

Raflínunefnd vegna Holtavörðuheiðarlínu 1

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 4. desember 2024. Í bréfinu er sveitarfélaginu veitt tækifæri á að setja fram athugasemdir vegna erinda Landnets ohf., þar sem sett er fram beiðni til ráðuneytisins að nýtt verði heimild 9. gr. a í skipulagslögum nr. 123/2010, um að skipuð verði raflínunefnd vegna Holtavörðuheiðarlínu 1.

Vegna málsins er rífað upp að sambærilegt erindi var til umfjöllunar hjá ráðuneytinu í vor, sbr. bréf ráðuneytisins frá 19. apríl 2024.

Athugasemdir Skorradalshrepps sem þá voru settar fram eru hér ítrekaðar, en í lok bréfsins verður vikið að framgangi málsins á árinu 2024.

Vegna málsins vill Skorradalshreppur vekja sérstaka athygli á umfjöllun meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, við meðferð frumvarps, sem varð að breytingarlögum nr. 35/2023 við skipulagslög. Þar kemur m.a. fram:

Ljóst er að frumvarpið felur í sér frávík frá meginreglum skipulagslaga um að sveitarfélög fari með skipulagsvaldið og leggur meiri hlutinn áherslu á að öll slík frávík ber að túlka þröngt.

og

Meiri hlutinn leggur áherslu á að skipulagsmál raflína fara ekki sjálfkrafa til vinnslu og afgreiðslu raflínunefndar samkvæmt frumvarpinu heldur þarf að óska eftir því hverju sinni að ráðherra skipi slíka nefnd um afmarkaða framkvæmd. Meiri hlutinn telur farsælast að sveitarfélög nái sjálf að leysa ágreining vegna fyrirhugaðrar lagningar raflínu en á sama tíma nauðsynlegt að fyrir hendi sé farvegur til að aðstoða við lausn hans vegna þeirra þjóðhagslegu mikilvægu hagsmuna að raforkuöryggi verði tryggt um allt land. Með frumvarpinu er lagður til slíkur farvegur.

Skorradalshreppur telur að í ljósi meginreglna skipulagslaga og 78. gr. stjórnarskrár, þurfi að liggja fyrir sérstakar aðstæður svo heimild til að skipa raflínunefnd verði nýtt. Í erindum Landsnets koma engin sérstök sjónarmið fram sem réttlæti að beita skuli heimildinni.

Sveitarfélagið telur að málsmeðferð raflínuskipulags leiði til verulegra álitamála um skipulagsvinnu og framkvæmd skipulags á síðari stigum. Staða raflínunefndar í stjórnkerfi sé verulega óljós, m.a. hvað varðar aðildarhæfi, stöðu gagnvart málsmeðferðarreglum sem gilda almennt um sveitarfélög, innheimtu framkvæmdaleyfisgjalds o.fl.

Hafa ber í huga að með breytingarlögum var gert ráð fyrir setningu reglugerðar um raflínuskipulag, sbr. 45. gr. skipulagslaga. Reglugerð hefur ekki verið sett og ótímabært að gera ráð fyrir skipun raflínunefndar í ljósi þeirrar stöðu.

Sýnt er ýmiskonar lagaleg óvissa er til staðar vegna málsmeðferðar og framkvæmdar raflínuskipulags, enda ljóst að skörun verður við skipulagsmálefni sem aðalskipulag fjallar um. Þannig er ósvarað hvað skipulagsþættir falla undir raflínuskipulag, t.d. varðandi efnistöku, slóðagerð o.fl. Óvissa getur því skapast við veitingu framkvæmdaleyfis á grundvelli raflínuskipulags þar sem raflínuskipulag er ekki í samræmi við skipulagsskilmála aðalskipulags.

Þá er sérstaklega vísað til ákvæða 9. gr. c raforkulaga nr. 65/2003, þar sem fjallað er um stöðu kerfisáætlunar gagnvart skipulagi sveitarfélaga. Skorradalshreppur telur þau lagaákvæði í fullu gildi og eðlilegt að vinna við gerð aðalskipulags sveitarfélagsins muni hvíla á þeim reglum.

Sérstaklega um framgang málsins á árinu 2024.

Skorradalshreppur telur að umfjöllun í bréfi Landsnets frá 29.nóvember 2024 færi ekki fram sterk rök um ástæðu til skipunar raflínunefndar. Í raun er staða málsins að mörgu leyti tengd þáttum á ábyrgð Landsnets. Sveitarfélagið telur að skort hafi á markviss samskipti af hálfu Landsnets hf. við sveitarfélagið um aðalskipulagsbreytingar. Heimildir til skipan raflínunefndar verða ekki skýrðar svo að slík nefnd skuli stofnuð sjálfkrafa, heldur þurfa að vera til staðar sérstakar ástæður, sbr. fyrri umfjöllun. Þá telur sveitarfélagið að vinna við aðalskipulagsbreytingar þurfi sinn tíma og alltaf geti orðið tafir. Í raun á það sama við um möguleg störf raflínunefndar og e.t.v. líklegra að einhver frávik leiði til tafa þegar slík sérnefnd er stofnuð til að fjalla í fyrsta og eina skipti um skipulagsmál.

Þá er búið er að samþykkja Holtavörðuheildarlínu 1 í Aðalskiplagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar þann 14. desember 2022 og skipulagstillaga auglýst á grundvelli 31. gr. frá 11. maí til 22. júní 2022. Það er því órökrétt að stofna raflínunefnd þegar hluti sveitarfélaga hefur samþykkt aðilaskipulag sem gerir ráð fyrir framkvæmdinni. Skipun raflínunefndar virðist þá í ósamræmi við 2. mgr. 9. gr. a í skipulagslögum.

Skorradalshreppur leggur áherslu á að sveitarfélagið geti innan lýðræðislega skipaðra stjórnareininga sveitarfélagsins, sveitarstjórnar og skipulagsnefndar, fengið til meðferðar skipulagsákvæðanir vegna Holtvörðulínu 1.

Hvanneyri 18. desember 2024
Virðingarfyllst,



Pétur Davíðsson,
formaður skipulags- og byggingarnefndar